

10.3.2011

### **Inngangur:**

Í fjarlægri framtíð í óravíddum himinhvolfsins eru alla daga háðar harðvítugar orrustur sem – merkilegt nokk – varða okkur Íslendinga miklu. Og það er jafnframt full ástæða fyrir okkur Íslendinga að fylgjast vel með yfirvofandi fjölgun vampíra í ónefndri en drungalegri útlendri milljónaborg.

Á Iðnþingi fyrir 10 árum var yfirskriftin – UMBREYTING ÍSLENSKS ATVINNULÍFS. Þrátt fyrir að yfirskriftin hafi verið vekjandi þá stórefa ég að nokkur á því Þingi hafi haft ímyndunarafl til að tengja orrustur í himingeimnum saman við öflugt íslenskt atvinnulíf – eða að koma auga á sóknarfærin í ægilegum vampírufaraldri næturinnar.

Ég er auðvitað að tala um fyrirtækið CCP og ævintýrlegan vöxt þess og viðgang sl. áratug.

Nýsköpun - alls staðar, er yfirskrift dagsins. Og ég get ekki verið meira sammála. En í þessu samhengi er mikilvægt að hafa í huga að á vettvangi þjóðanna erum við að ævinlega að keppa samtímis í tveimur greinum – spretthlaupi og langhlaupi.

Það eru engar ýkjur að bráðavandi okkar Íslendinga hefur verið ærinn. Ég þarf ekki að rifja upp fyrir ykkur afleiðingar efnahagshrunsins. Við Íslendingar höfum farið um dimman dal en við erum farin að sjá skýr merki þess að það er farið að rofa til. En sú birta sýnir okkur bara 100 metra markið. Langhlaupið er rétt að hefjast. Og ef við ætlum okkur að eiga einhverja sigurmöguleika í því hlaupi er nauðsynlegt að hugsa lengra neft sínu. Öflug nýsköpun og frumkvöðlastarf eru í eðli sínu sjaldnast skyndilausnir – heldur langtímamál. Hugmynd ungra manna um algeimsyferráð þótti fjarstæðukennd á sínum tíma – en er í dag orðin að viðskiptastórvelði á íslenskan mælikvarða.

Og meðal þeirra stóru mála sem við Íslendingar verðum að takast á við af fullri einurð eru málefni sem varða stöðu okkar á meðal þjóða Evrópu – og hvernig við ætlum að haga gjaldmiðilsmálum okkar til framtíðar. Það að það sé svo mikið að gera í atí dagsins að við höfum ekki þrótt til að takast á við framtíðina er einfaldlega ekki tækt svar!

### **Evrópa + gjaldmiðill:**

Við misstum miklu meira en eitt bankakerfi haustið 2008. Trúverðugleiki íslenskrar peningastefnu í dag er slíkur að krónan er annarsvegar miðuð við markaðsgengi á erlendum mörkuðum og haftagengi hér innanlands. Stjórnámamenn sem ekki horfast í augu við þetta vandamál sigra kannski spretthlaupið en munu alltaf tapa langhlaupinu.

Íslensk stjórnvöld hafa náð verulegum árangri á sl. tveim árum. Við erum nú að skapa skilyrði sem ekki hafa sést hér á landi í mörg ár. Stýrivextir hafa lækkað úr 18% haustið 2008 í 4,25%. Verðbólga mælist nú 1,9% og er nú undir verðbólguþröskulmarkið Seðlabankans í fyrsta sinn síðan 2004.

En við tryggjum ekki stöðugleika á Íslandi, hvað þá trúverðugleika, nema með nýrri mynt.

Við þurfum að fylkja liði öll sem eitt og styðja viðræðuferlið sem nú mun hefjast við Evrópusambandið. Mikilvægt er að við náum fram hagstæðum samningi sem við getum lagt fyrir þjóðina í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þó svo að einhver tími muni líða þangað til að við munum geta tekið upp evru sem gjaldmiðil þá er Ísland orðið þátttakandi í trúverðugu ferli sem er þekkt á alþjóðlega vísu og íslensk peningastefna öðlast kjölfestu og um leið trúverðugleika.

Hér þurfum að sýna úthald og aga. Þær smáskammtalækningar sem áður þekktust hafa sýnt að þær virka ekki nema til mjög skamms tíma. Nú nýverið dró fyrirtækið Össur sig úr Kauphöll Íslands. Ástæðan er fyrst og síðust gjaldeyrishöftin. Ég þarf ekki að fjölyrða hér um mikilvægi þess að Icesave samningarnir klárast nú í apríl. Verði Icesave deilan óleyst mun hún ekki auðvelda okkur framhaldið afnám gjaldeyrishaftanna og um leið halda HANDBREMSUNNI Á HJÓLUM ÍSLENSKS ATVINNULÍFS.

Ferlið hefur skapað óvissu í íslenskum stjórnámum, sem veldur því að menn halda að sér höndum.

Við tryggjum ekki þau lífsgæði sem við höfum átt að venjast í nánustu framtíð nema öflugum atvinnulífi og með því að tryggja fyrirtækjum hagstætt og stöðugt rekstrarumhverfi.

Verkefnið framundan er stórt og krefst úthalds og samstöðu af okkur öllum. Nýverið kom fram í könnun Eurobarometer að mikil þörf er á að kynna fyrir Íslendingum starfsemi og uppbyggingu Evrópusambandsins. Slíkt er aðeins gert með hófsamri umræðu sem er laus við hræðsluáróður og gylliboð.

Ég vil því hvetja Samtök Iðnaðarins til að halda áfram því kröftuga starfi sem þau hafa sýnt á undanförunum árum þegar kemur að umræðu um Evrópumál.

Undanfarna daga hefur mikið borið á umræðu um slæma samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja.

Sérstaklega finna menn gjaldeyrishöftunum allt til foráttu. Og sannarlega hef ég fundið fyrir þessum áhyggjum í samtölum mínum við forsvarsmenn fjölmargra fyrirtækja .

Gjaldeyrishöftunum verður ekki aflétt með einu pennastriki – það myndi hafa ófyrirséðar afleiðingar. Það sem við þurfum hins vegar að gera – og það hratt – er að finna leiðir til að sníða af þá agnúa sem eru að skaða íslenskt atvinnulíf.

Gjaldeyrishöftunum var fyrst og fremst ætlað að takast á við snjóhengju jöklabréfa upp á 400 milljarða í kjölfar bankahrunsins.

Gjaldeyrishöftin mega hins vegar ekki verða til þess að kyrkja íslenskt atvinnulíf.

Hópur sá er starfar á vegum ráðherranefndar um atvinnumál hefur það sem forgangsmál að greina þau atriði sem helst eru að koma íslenskum fyrirtækjum illa - og í framhaldinu að koma með tillögur hvernig bæta megi úr.

Ég endurtek að þessa vinnu verður að vinna hratt og örugglega. Við megum ekki missa okkar bestu fyrirtæki til útlanda. Þurfum að setjast niður með ykkur, greina áskoranirnar og finna lausnir.

Hér verð ég að ítreka enn og aftur að nýr gjaldmiðill verður að vera hluti af langhlaupinu.

Krónan verður aldrei nothæfur gjaldmiðill í alþjóðlegu umhverfi, þó við þurfum að nota hana í spretthlaupinu nú (öllu heldur grindahlaupi).

### **Atvinnu- / efnahagsmál:**

Stærsta verkefni stjórnvalda í atvinnumálum er að tryggja hér bætt rekstrarumhverfi. Við verðum að koma á stöðugleika í gjaldeyrismálum, halda vöxtum lágum og gera afnám gjaldeyrishaftanna mögulegt. Við erum í umsóknarferli að ESB og mín skoðun er að við eigum að miða peningamálastefnuna við nægan stöðugleika til að uppfylla skilyrði fyrir upptöku evru að sem fæstum árum liðnum.

Ýmislegt hefur áunnist á liðnum mánuðum og má þar til dæmis nefna

Rammalöggjöf um ívilnanir vegna nýfjárfestinga - þrír samningar hafa þegar verið gerðir á grundvelli þeirra; vegna Aflþynnuverksmiðju við Eyjafjörð, kísilmálmverksmiðju Thorsil og nú síðast vegna kísilmálmverksmiðju í Helguvík. Mér þykir rétt við þetta tilefni að benda á að þessi löggjöf um ívilnanir vegna nýfjárfestinga gildir jafnt fyrir íslenskar fjárfestingar sem erlendar. Ég nefni þetta hér vegna þess að ég held að við þurfum að kynna þetta betur fyrir innlendum fyrirtækjum – og óska ég eftir samstarfi við Samtök iðnaðarins hvernig það verður best gert. Mikilvægt tæki sem skapar fyrirtækjum 10 ára stöðugleika og ívilnanir til að nýta betur.

Forsendur hafa verið skapaðar fyrir uppbyggingu gagnaveraiðnaðar með jöfnun samkeppnisstöðu við keppinauta í Evrópu.

Fjárfestingarstofa og iðnaðarráðuneyti létu gera úttekt á stefnu og starfi vegna erlendra fjárfestinga. Byggt á þeim niðurstöðum fer nú fram markviss stefnumótunarvinna og er það ætlun mín að kynna innan skamms niðurstöður þeirrar vinnu. Erlend fjárfesting hefur verið einhæf á Íslandi í gegnum tíðina og það er mikilvægt að fá fjárfestingar á fjölbreyttum sviðum. Og það er ánægjulegt að geta þess að við verðum ápreifanlega vör við mikinn áhuga erlendra aðila - þrátt fyrir fullyrðingar um annað.

### **Stóriðja og fjárfestingasamningar:**

Til sannindamerkja um að hin efnahagslega sól sé tekin að rísa vil ég nefna þrjár framkvæmdir sem saman eru upp á 100 milljarða króna.

Breytingar á álverinu í Straumsvík þar sem framleiðsluafurðir þess verða gerðar enn verðmætari með breytingum á framleiðslu og uppfærslu á búnaði. Samhliða verður framleiðslugeta álversins aukin um 20%. Alls nemur því fjárfesting í þessum tveimur verkefnum um 60 milljörðum og gera má ráð fyrir 620 ársverkum á byggingartímanum.

Nýverið voru undirritaðir samningar um kísilver í Helguvík sem framleiða mun um 50 þúsund tonn af hrákisli og 20 þúsund tonn af kísilryki árlega. Er sú fjárfesting uppá 17 milljarða króna og er áætluð orkuþörf kísilversins 65 MW á ári. Í kjölfar þessa hafa fleiri aðilar lýst áhuga sínum á sambærilegum verkefnum. Því má við bæta að þegar forstjóri fyrirtækisins hafði samband við Nasdque hlutabréfamarkaðinn hækkuðu hlutabréfin í fyrirtækinu um 10%.

Nú stendur yfir lokafjármögnun á Búðarhálsvirkjun en sú virkjun mun skila 80 MW og er áætluð fjárfesting Landsvirkjunar vegna hennar um 26,5 milljarðar króna og eru ársverkin á byggingartíma um 700. Landsvirkjun gerir ráð fyrir því að afhending orku frá Búðarhálsvirkjun hefjist í árslok 2013.

103.5 milljarða fjárfesting er í höfn. Straumsvík er komin af stað. Á Búðarhálsi eru framkvæmdir hafnar. Framkvæmdir við kísilver í Helguvík í vor

### **Orkumál:**

Á Norðausturlandi er markvisst unnið að rannsóknum vegna fyrirhugaðra virkjana á Þeystareykjum, Bjarnarflagi og á Kröflusvæðinu. Nú þegar hefur verið varið um 10 milljörðum króna í rannsóknir á jarðhitasvæðum og er áætlað að fjárfesta fyrir tæpan milljarð króna í verkefnum í ár. Landsvirkjun á nú í viðræðum við 6-8 hugsanlega orkukaupendur vegna uppbyggingar á Norðausturlandi. Ég er bjartsýn á að niðurstaða liggi fyrir innan eins árs, um hvernig uppbyggingu verður háttað og í samstarfi við hvern. Þetta mun skapa fjölda starfa á svæði sem þarf á því að halda. Það kemur mikill skriður og svæðið mun vakna úr dvala.

Drög að orkustefnu fyrir Ísland hafa verið kynnt og voru þau opin til umsagnar. Í stefnunni er tekið á flestum þeim þáttum er lúta að íslenskum orkumálum og er leiðarljós stefnunnar „Að orkubúskap Íslands verði hagað með sjálfbærum hætti, samfélaginu og almenningi til hagsbóta.“ Fjölmargar athugasemdir bárust – m.a. frá Samtökum iðnaðarins. Verið er að fara yfir athugasemdirnar og vonast ég til að geta kynnt orkustefnu fyrir Ísland á vormánuðum.

Þó við getum státað okkur af því að nánast öll raforkuframleiðsla sem og upphitun húsa komi frá hreinum og grænum orkugjöfum þá kemur aðeins rétt innan við 1% af orku til samgangna hér á landi frá vistvænum orkugjöfum. Þar þarf að gera bragarbót því aukin krafa er nú lögð á að kannaðir verði allir möguleikar varðandi innleiðingu vistvænnar orku í samgöngum.

Því settum við af stað verkefnið Græna orkan og nú í janúar síðastliðnum mælti ég fyrir tillögu til þingsályktunar um orkuskiptaáætlun í samgöngum. Ég vona að tillagan verði samþykkt fyrir þinglok svo hægt verði að vinna að þessu mikilvæga verkefni með öflugum stuðningi alþingis. Gjaldeyrissparnaður, verðmætaaukning og fjöldi nýrra starfa.

Sl. haust skilaði vinnuhópur undir handleiðslu DR Michael Porter niðurstöðum um íslenskan jarðvarmaklasa. Uppbygging íslensks jarðvarmaklasa er mikilvægt verkefni fyrir íslenskan jarðvarmageira. Samfara uppbygginu á honum skapast mikil tækifæri til útflutnings á tækni og þekkingu, samhliða eflist nýsköpun og nýliðun og aukning á framleiðni fyrirtækja innan hans. Íslenski jarðvarmaklasinn er sterkur á ýmsum sviðum, hér eru mjög öflug þjónustufyrirtæki og

kraftmiklar rannsóknarstofnanir. Ég hef mikla trú á þessu verkefni það styrkir verkefnastöðu íslenskra fyrirtækja og ímynd okkar á þessu sviði.

Þá vil ég nefna nýsamþykktar breytingar á raforkulögum – en þar er að finna nýjungar sem byggja á nýrri tegund nýtingar orkunnar í jarðvarmavirkjunum og uppbyggingu nýrra atvinnuvega. Lögð til ný og rýmri skilgreining á hugtakinu stórnotandi. Með lögunum verða jafnframt til rýmri heimildir til beinna tenginga milli virkjunar og notenda. Er þannig komið til móts við þann möguleika að byggður sé upp orkufrekur iðnaður í næsta nágrenni jarðvarmavirkjana og að skapa kjörskilyrði fyrir framleiðslufyrirtæki sem nýta fleiri afurðir fra virkjuninni en einungis raforku, t.d. koltvísýring eða gufu. Góð dæmi um slíka starfsemi eru eldsneytisframleiðsla sem ker komin af stað hérlendis og gróðurhús.

### **Ferðamál:**

Ég læt ekkert tækifæri ónotað til að minnst á eina af okkar mest vaxandi atvinnugreinum; ferðaþjónustuna. Þar hefur gengið afskaplega vel en að mörgu er að huga til að greinin geti skapað enn fleiri störf en nú er - og á breiðari grunni. Fyrir alþingi liggur frumvarp um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða en með hans tilstyrk er ætlunin að lyfta grettistaki í allri aðstöðu við helstu ferðamannastaði, skapa störf í byggingageiranum og við hönnun.

Þá vil ég nefna tvö mjög þýðingarmikil nýsköpunarverkefni sem unnið er að og lúta annars vegar að heilsutengdri ferðaþjónustu og hins vegar að aukinni vetrarferðamennsku. Takist vel til – sem ég efa ekki – þá opna þessi nýju verkefni geysilega möguleika. Efling vetrarferðaþjónustu er forsenda þess að við náum að nýta betur fjárfestingu í hótelum og annarri aðstöðu sem byggð hefur verið upp. Þá má ekki gleyma því hve jákvæð áhrif fjölgun ferðamanna hefur á öll viðskipti og þjónustu. Metnaðarfullt samstarf opinberra og einkaaðila um stóratæk í vörupróun, ímyndarsköpun og markaðssetningu á Íslandi sem vetraráfangastaðar.

### **Skapandi greinar:**

Skapandi greinar eru ein af burðarstöðunum í íslensku efnahagslífi – og vaxtarmöguleikarnir eru í reynd aðeins takmarkaðir við hugmyndaauðgi og framtak okkar sjálfra. En það er ekki langt síðan að við sem samfélag skildum þetta samhengi hlutanna. Og það má kannski segja að það hafi orðið vatnaskil undir lok síðasta árs þegar út kom skýrsla með fyrstu niðurstöðum úr kortlagningu skapandi greina – og þar kom í ljós að ársverk innan þessa geira eru um 10.000 og virðisaukaskattskyld velta skapandi greina telur 165 milljarða.

Skapandi greinar hreinlega nærast á nýsköpun og það er mikilvægt að við búum þeim það umhverfi að þær geti vaxið og dafnað – og styrkt íslenskt samfélag.

Við höfum t.d. hækkað endurgreiðsluhlutfall kostnaðar vegna kvikmyndagerðar og viljum með því móti styrkja innlenda kvikmyndagerð og laða til okkar erlend verkefni. Unnið er að mótun hönnunarstefnu fyrir Ísland og ef það er eittvað að marka reynslu frænda okkar Dana þá geta fylgt því ótal tækifæri – ekki bara fyrir listiðnaðinn heldur atvinnulífið allt. Ekki síst fyrirtæki innan vébanda SI. Hlakka til samstarfsins.

En betur má ef duga skal og við þurfum m.a. að huga að eflingu menntunar á ákveðnum sviðum – en mitt í því atvinnuleysi sem nú herjar á þjóðina er mikil spurn hjá m.a. leikjaiðnaðinum eftir tæknimenntuðu fólki. Og ef við stöndum ekki okkar plikt er hættu á að vöxturinn í þessum geira flytjist til útlanda en eigi sér ekki stað hér á landi.

### **Nýsköpun:**

Ég er nú búin að feta mig í þessari ræðu að því sem er vitanlega aðalatriðið á þessum fundi Samtaka iðnaðarins – nýsköpun. Lít svo á að hún sé undirbyggjandi í allri okkar vinnu, ekki í sér boxi.

Ég ætla að orða þetta mjög skýrt - öflug nýsköpun er forsenda þess að við getum byggt hér upp sterkt, kraftmikið og gott samfélag. Endurnýjunarkrafa nútímans er einfaldlega svo sterk að samfélög sem ekki taka nýsköpun og frumkvöðlastarf alvarlega eru dæmd til að dragast aftur úr í samanburði þjóðanna.

Og nýsköpun er nauðsynleg í öllum fyrirtækjum og stofnunum – jafnt í hefðbundnu geirum atvinnulífsins sem þeim nýju og framsæknu. Og ríkisvaldið á að hvetja til nýsköpunar með ráðum og dáð.

Stuðningur við nýsköpun er nauðsynleg fjárfesting í framtíðinni. Og um margt erum við að standa okkur vel. Nýsköpunarmiðstöð Íslands er að vinna öflugt starf sem þúsundir einstaklinga og fyrirtækja sækir styrk í á hverju ári.

Frumkvöðlasetrum hefur fjölgað hratt á síðustu tveimur árum og þau eru nú 8 og fóstra 90 til 100 viðskiptahugmyndir með um 300 starfsmenn.

Og mikilvægi Tækniþróunarsjóðs birtist kannski best í því að okkur hefur ekki aðeins tekist að verja þennan sjóð gegn öllum niðurskurði í einhverri erfiðustu fjárlagagerð allra tíma heldur tókst okkur að bæta aðeins í á síðasta ári. Tækniþróunarsjóður er samkeppnissjóður og ég er ákafur talsmaður þess að við nýtum það fyrirkomulag á sem flestum sviðum þar sem opinber stuðningur stendur til boða.

Við þurfum að efla enn frekar hlutverk Tækniþróunarsjóðs – og ég leyfi mér að hafa þá framtíðarsýn að á næstu þremur árum muni þeir fjármunir sem hann hefur úr að spila þrefaldast – og nemi allt að tveimur milljörðum árlega. Það er markmið sem við eigum að setja okkur í sameiningu og finna allar leiðir og beita til þess nýskapandi hugsun. Það þarf ekki allt að gerast með auknum útgjöldum heldur þurfum við líka að skoða möguleika á breyttri forgangsriðun í fjármálum hins opinbera.

Þegar við horfum til þeirra tækni- og hugverkafyrirtækja sem náð hafa hvað glæstustum árangri á undanförunum árum erum við um leið að sjá hverju hægt er að áorka þegar djarfir frumkvöðlar fá stuðning Tækniþróunarsjóðs til að gera hugmyndir að veruleika.

Ég vil fagna sérstaklega því samstarfi sem tekist hefur – að frumkvæði Samtaka iðnaðarins – sem ber heitið BETRI ÞJÓNUSTA FYRIR MINNA FÉ og gengur út á klasasamstarf á sviði

menntamála, heilbrigðismála, og orku- og umhverfismála. Markmið áætlunarinnar er að skapa betri og hagkvæmari lausnir til að uppfylla þarfir á þessum þremur sviðum og um leið skapa tækifæri til þróunar á lausnum sem eiga erindi á alþjóðlegan markað. Ég bind miklar vonir við þetta verkefni – sem getur bæði leitt af sér sparnað og virðisauka - og fagna því að úthlutun fjármuna fari í gegnum Tækniþróunarsjóð – þar sem lagt er mat á hugmyndir og þær sem bestar þykja styrktar.

Grunnfjármagn kemur nú í ár vegna uppgjörs á gamla iðnaðarmálagjaldinu. Setjum af stað og metum árangur í haust ég mun tala fyrir því.

### **Lokaorð:**

Ég vil nota tækifærið og þakka Samtökum iðnaðarins og fjölmörgum einstaklingum og fyrirtækjum innan ykkar raða fyrir gott og frjótt samstarf á liðnum misserum. Ég vil þakka fyrir þennan fund í dag og þá einbeittu áherslu á nýsköpun sem fram fer á þessum vettvangi. Nýsköpun snýst ekki eingöngu um að kasta fram góðum hugmyndum heldur að koma þeim áleiðis til þróunar og þroska þannig að úr verði framleiðsla eða þjónusta sem á framtíðina fyrir sér á markaði. Úthald, agi og einbeiting að settum markmiðum er lykilatriði í þessu sambandi ásamt hvetjandi efnahags- og stuðningskerfi. Við megum ekki gleyma því að á okkur sem samfélagi hvílir sú skylda að fjölga störfum um tugi þúsunda á næstu árum. Forsenda fyrir því að það náist er nýsköpun – og aftur nýsköpun!

Í upphafi vék ég að baráttunni sem á sér stað í sýndarveruleika Eve Online. Það unga fólk sem gefur 350 þúsund þátttakendum í leiknum færi á að takast á við ögrandi verkefni, er að vissu leyti það sem baráttan snýst um í íslensku efnahagslífi. Nú reynir á hvort okkur tekst að reisa úr rústum bankahrunsins þjóðfélag sem unga fólk á Íslandi veðjar á. Opið, lýðræðislegt og alþjóðlegt efnahagslíf, þróttmikið efnahags- og menningarlíf og möguleika á menntun og þroska fyrir hvern einstakling sem þess óskar. Ungu fólk gerir kröfur um að lifa við slíkar aðstæður en mun að öðrum kosti leita sér leiða annarsstaðar en á Íslandi. Þetta er sú stóra áskorun sem við stöndum frammi fyrir og í nafni hennar þurfum að beina kröftum okkar að sameiginlegum lausnum sem svara kalli nýrra kynslóða.

Skotgrafir sem því miður eru grafnar of víða í okkar samfélagi munu ekki færa okkur neitt og ná ekki að svara þessu kalli, heldur samstaða og úthald í þeim stóru verkefnum sem við okkur blasa.

Takk fyrir